

C 3/2018/kk

Afgreiðsla Eftirlitsnefndin

Nefndarálit eftirlitsnefndarinnar um  
**skýrslu Ríkisendurskoðunar til Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar um starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar árið 2017**

**Tillaga**

Eftirlitsnefndin leggur til að Norðurlandaráð ákveði:

- Að skrá hjá sér ársreikning og endurskoðunarskýrslu um Norrænu ráðherranefndina 2017
- Að hvetja Norrænu ráðherranefndina, Norræna húsið á Íslandi, Nordregio, Norrænu erfðaauðlindastofnunina og Norrænu velferðarmiðstöðina til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar

**Forsaga**

Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur farið yfir ársreikning Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir reikningsárið 2017.

Niðurstaða ársins 2017 sýnir afgang sem nemur 10,5 milljónum danskra króna (m.d.kr.) en árið 2016 nam afgangurinn 10,2 m.d.kr. Hækkunina má m.a. rekja til hækkunar á framlagi landanna um 6,9 m.d.kr. Útgjöld til skrifstofu ráðherranefndarinnar hafa þó einnig hækkað um 6,5 milljónir danskra króna.

Heildartekjur námu 945,9 m.d.kr. en þær námu áður 938,1 m.d.kr. Mestan hluta hækkunarinnar má rekja til framlaga frá löndunum. Meirihluti útgjalda, 882 m.d.kr., voru til stofnana, samstarfsaðila, einstakra verkefna og skrifstofa í Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi. Útgjöld til skrifstofureksturs nema 84,4 m.d.kr.

Eiginfjárstaða Norrænu ráðherranefndarinnar er neikvæð um 109,5 m.d.kr. Eigið fé felst í afskrifaðri kröfu um greiðslur landanna frá árinu 2005 upp á -50 m.d.kr. og vanáætlun í fjárhagsáætlun árið 2009 sem nemur -70 m.d.kr. Samkvæmt fjárhagsreglum ráðherranefndarinnar jafnast eiginfjárstaðan út með framlagi frá löndunum þegar lausafjárstaðan leyfir það.

Fjármagn sem fært var milli ára nam samtals 32,9 m.d.kr. en árið 2016 nam það 36,6 m.d.kr. Þar af nemur óráðstafað fjármagn 12,3 m.d.kr.

Fjármagn sem skilað var og hægt er að nýta næsta fjárhagsár lækkaði úr 30 m.d.kr í



27. m.d.kr.

Ríkisendurskoðun tekur fram að með innleiðingu nýs fjármálakerfis hjá Norrænu ráðherranefndinni eigi yfirsýn yfir skiptingu skulda vegna verkefna milli ára að verða betri.

Ábyrgð á endurskoðun vegna norrænna stofnana er hjá ríkisendurskoðun í því landi sem stofnunin hefur bækistöðvar sínar. Í endurskoðunarskýrslunni er yfirlit yfir fram komnar athugasemdir. Í ársreikningum Nordregio voru nokkrar reikningsvillur sem leiða til rangra upphæða í tengslum við framúrkeyrslu fjárhagsáætlunar, annars vegar vegna launakostnaðar og hins vegar vegna kaupa á vörum og þjónustu. Einnig er villa í uppgefnum markmiðum svo uppfylling markmiða virðist vera 87,65% en ætti með réttu að vera 85%.

NordGen hefur breytt bókhaldsaðferðum varðandi liðina „vörur og þjónusta“ og „önnur útgjöld“ án þess að uppfæra um leið samanburðartölur. Þetta er ekki nefnt í reikningunum og gefur auðveldlega ranga mynd.

NVC hefur eins og árið 2015 bókfært ranglega, þó er tekið fram að það hefur ekki áhrif á niðurstöður. Eins og fyrri ár er sundurliðun greiðslna af reikningum í Finnlandi ábótavant. Þar að auki hafa verið villur í tímabilaskiptingu færslna sem mun hafa neikvæð áhrif á ársreikninga fyrir árið 2018 um 133.000 sænskar krónur.

#### **Niðurstaða Ríkisendurskoðunar**

Ríkisendurskoðun telur ársuppgjörið gefa réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þann 31. desember 2017.

Ríkisendurskoðun telur jafnframt að ráðstafanir sem um er getið í ársreikningi séu í samræmi við lög og reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.

#### **Sjónarmið eftirlitsnefndar**

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun telji ársreikninga fyrir árið 2017 gefa réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu og að ekki séu gerðar alvarlegar athugasemdir við ársreikning Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2017.

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun Danmerkur telur nýtingu fjár vera í samræmi við gildandi reglur, reikningsskilavenjur og ákvarðanir um ráðstöfun fjár, og að umsýslan er talin vera í lagi.

Eftirlitsnefndin færir til bókar athugasemdir sem fram komu við endurskoðun á Norræna húsinu á Íslandi, Nordregio, Nordgen og NVC og væntir þess að forsvarsmenn stofnananna færi nefnd atriði í betra horf.



Nuuk, 13. september 2018

Anna Kolbrún Árnadóttir (Mífl)

Lennart Axelsson (S)

Maria Stockhaus (M)

Peter Östman (kd)

Paavo Arhinmäki (vänst)

Ruth Mari Grung (A)